


Rjúpnasalir 14

Kópavogi



Berið saman verð, gæði og frágang



Vandað hús á fallegum útsýnisstað

Garður verður fullfrágenginn með trjágroðri

Sjónvarpsdyrasími í öllum íbúðum

Sjálfvirkir hurðaopnarar á aðalhurð

Hafið samband við söluaðila og fáið sendan bækling.

Skoðið teikningar af húsunum á www.fjarfest.is

Álklætt lyftuhús

Sérlega glæsilegt 14 hæða lyftuhús auk þakíbúðar á 15. hæð. Rúmgóðar íbúðir með vönduðum innréttingum, upphengt salerni, sjónvarpsdyrasími, síma- og sjónvarpstengi í öllum herbergjum. Þvottahús verður í hverri íbúð og borðkrókur við glugga. Íbúðirnar eru ýmist með suður- eða vestursvölum.




Hér má sjá innréttingar sambærilegar þeim er verða í Rjúpnasölum 14.



3ja herb. - íbúð 4
105m² nettóstað séreignar fyrir utan sameign

2ja-3ja herb. - íbúð 1
90m² nettóstað séreignar fyrir utan sameign



3ja-4ra herb. - íbúð 3
130m² nettóstað séreignar fyrir utan sameign

3ja-4ra herb. - íbúð 2
130m² nettóstað séreignar fyrir utan sameign

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Borgartúni 31
Sími 562 4250



Fréttabréf Lindasóknar

1. tbl. 3. árg. febrúar 2004

Áb.: Sr. Guðmundur Karl Brynjarsson sími 864 0554

Safnaðarheimili Uppsölum 3 sími 544 4477 • netfang: guðmundurkarl@kirkjan.is



GOSPELSTUND Í DIGRANESKIRKJU Á SUNNUDAGINN KL. 20.00

Óskar Einarsson tónlistarmaður, er mörgum að góðu kunnur. Hann er tónlistarstjóri Filadelfíu, stjórnandi Gospelkórs Reykjavíkur og hefur stjórnað tónlist ýmissa leikrita í Borgarleikhúsinu svo fátt eitt sé nefnt. Óskar hefur einnig farið víða um landið og haldið námskeið fyrir kirkjukóra í gospelsöng. Eitt slíkt námskeið var haldið í síðustu viku á vegum Lindasóknar og Digraneskirkju fyrir Kór Lindakirkju og Unglingakór Digraneskirkju.

Á sunnudagskvöldið kl. 20 verður svo efnt til Gospelstundar í Digraneskirkju þar sem kórarnir munu flytja efni sem æft hefur verið á námskeiðinu við undirleik Óskars Einarssonar. Auk þess kemur Hrönn Svansdóttir fram og syngur einsöng. Óhætt er að lofa góðri, blessunarríkri stund, sannkölluðu heilögu fjöri við allra hæfi. Eftir stundina verða diskar með gospelsöng til sölu í fordyri kirkjunnar.



OFFSET
FJÖLRITUN
562 7890

INGI
HÓPFERDIR
55 444 66



MARGIR GÓÐIR GESTIR!

Starf aldraðra í Digraneskirkju í heimsókn í húsið á sléttunni

Þriðjudaginn 13. febrúar síðastliðinn óku þátttakendur í starfi eldri borgara í Digraneskirkju fylktu liði hingað yfir í Lindasókn og tóku hús á starfsfólki safnaðarins. Var þeim að vonum vel tekið, en þröngt var um gestina í safnaðarheimilinu. Tjalda þurfti til öllum stólum hússins svo allir hefðu sæti að meðtöldum skrifstofustólum og sófanum úr skrifstofu prestsins. Þröngt máttu sáttir



sitja og stemmningin var létt. Eftir nokkur orð frá sr. Guðmundi Karli, sóknarpresti var boðið upp á kökur og léttan söng sem Hannes organisti stjórnaði.

FRAÆÐSLUKVÖLD

Senn líður að fermingum í Lindasókn en eins og síðastliðið ár verður fermt í Hjallakirkju. Athafnirnar verða samtals þrjár laugardagana 20. og 27. mars. Nýlega var haldið fræðslukvöld í Hjallakirkju fyrir fermingarbörn í Lindasókn og foreldra þeirra. Fyrirlesararnir voru tveir, annar talaði og hinn gælti. Sá talandi heitir Þorsteinn Haukur Þorsteinsson, tollvörður, sem sinnir fíkniefnaforvörnum á vegum Tollstjóraembættisins ásamt félaganum Bassa. Bassi er



fíkniefnaleitarhundur á eftirlaunum og er af Labrador Retriever kyni. Þeir félagar hittu vel í mark bæði hjá ungum og eldri. Í lok fræðslukvöldsins fengu öll fermingarbörnin margmiðlunardiskinn **NEI TAKK!**, að gjöf, en hann fjallar um forvarnir gegn fíkniefnum.

KÓR LINDAKIRKJU AUGLÝSIR!


Ungar og góðar raddir óskast!

Fjölbreyttur söngur og góður félagskapur í boði

Áhugasamir hafi samband við Hannes Baldursson organista í síma 862 9944



The Passion of The Christ



Vart hefur farið fram hjá mörgum að á öskudag var frumsýnd vestur í Bandaríkjunum nýjasta mynd leikstjórans Mel Gibson. Myndin fjallar um pínu, dauða og upprisu Jesú Krists og mun verða tekin til sýninga hér á landi fyrir páska. Í tengslum við sýningu hennar mun sr. Guðmundur Karl halda fræðslukvöld í Lindasókn, sem verða nánar auglýst er nær dregur.



ATH! ATH! ATH! ATH! ATH! ATH! ATH!



HANS KLAUFI

Sunnudaginn 21. mars kemur Stopp leikhópurinn í heimsókn í fjölskylduguðsþjónustu í Lindasókn og sýnir leikritið um Hans klaufa. Leikritið er byggt á samnefndri sögu H.C. Andersen.

Eggert Kaaber leikari, annar helmingur Stopp leikhópsins, gekk nýlega til liðs við sunnudagaskólann okkar. Í fjölskylduguðsþjónustu í janúar sýndi Eggert leikritið um Óskirnar tíu sem féll vel í geð ungra kirkjugesta.

MUNIÐ!

Guðsþjónustur og sunnudagaskóli á hverjum sunnudegi í Lindaskóla kl. 11.00

ÆSKULÝÐSDAGURINN

Sunnudagurinn 7. mars er æskulýðsdagur Þjóðkirkjunnar. Í tilefni dagsins verður fjölskylduguðsþjónusta í Lindaskóla þar sem Kór Salaskóla mun syngja ásamt kirkjukórnum. Einnig verða fleiri óvæntar upptökur. Unglingar úr 10. bekk Lindaskóla munu selja kaffiveitingar á vægu verði eftir guðsþjónustuna.

NÝTTI! NÝTTI! NÝTTI! NÝTTI! NÝTTI!



Bænastundir í Safnaðarheimilinu á fimmtudögum kl. 12.10



INNROMMUN KÓPAVOGS
Hlíðarsmára 11
Sími 555 7650 • Fax 555 7651



Kópavogsbær